

KNATTSPYRNUDEILD SINDRA

2023

LEIKSKRÁ SINDRA

Sumarið 2023



Sindri – KH

2. deild kvenna

16. september
kl. 16:30

Jökulfellsvöllurinn

VEO APPIÐ

Við minnum á VEO-appið, þar er hægt að horfa á alla leiki meistaraflokkanna.


Það er voða einfalt að komast þar inn!

1. Finna "VEO Live" á Play eða App store
2. Niðurhala forritinu.
3. Opna appið og búa til aðgang
4. Finna og fylgja Sindra
5. Horfa á leikina!

**Kemstu ekki á völlin en langar að horfa á leikinn?
Fylgstu þá með á VEO appinu! Leikir Sindra eru sýndir
LIVE á appinu hvort sem eru heimaleikir eða útileikir,
karla eða kvenna leikir og það er einnig hægt að horfa á
leiki yngri flokkanna!
Hversu geggjað er það!**

The logo features the word "LIVE" in a stylized, blocky font. The letters are white with a vibrant green outline. The "L" and "V" are particularly bold and interconnected. The background is a solid black rectangle.

VELKOMIN Á
JÖKULFELLSVÖLLINN





BYRJUNARLIÐ:

12 - TELMA BASTOS (M)

2 - SUNA GUNN

3 - ELÍN ÁSA

8 - SALVÖR DALLA

9 - INNA DIMOVA

10 - KRISTÍN MAGDALENA

11 - ARNA ÓSK (F)

14 - SOLYANA NATALIE

15 - THELMA BJÖRG

16 - FANNEY RUT

19 - ÍRIS ÖSP

VARAMENN:

1 - EMILÍA ALÍS (M)

5 - HELGA NÓTT

6 - ELÍN CHIING

7 - ÓLÖF MARÍA

13 - BERGLIND

17 - GUÐLAUG

20 - KAREN HULDA





FRÁ JAKO Í CRAFT

Kaflaskil verða hjá knattspyrnudeildinni sem og Ungmennafélaginu Sindra þegar að samstarfi við Jako lýkur og nýr kafli tekur við með samstarfi við CRAFT. Að leiktíð lokinni munu nær allar deildir innan félagsins færa sig yfir í CRAFT og munu þeir koma til okkar 18-19.september með mátunardaga. Þar verður hægt að sjá nýja Sindra gallann og Sindrabúninginn sem og að máta stærðir og forpanta Sindra fatnað sem verður svo afhentur í lok september - byrjun október.

CRAFT býður upp á mikið úrval af íþróttafatnaði, bæði keppnisfatnað og æfingarfatnað.

CRAFT var stofnað árið 1977 og hefur verið vaxandi á öllum sviðum síðan þá og leggur áherslu á góða þjónustu og mjög góð verð.

Allt úrval Sindra verður í boði á CRAFTVERSLUN.IS að undanskyldu fatnaði fyrir körfuboltadeildina. Hvetjum við Sindra fólk til þess að koma á mátundagana og skoða úrvalið, máta og panta vörur.

Að lokum langar okkur til þess að þakka Jako fyrir öll árin sem þau hafa þjónustað Sindra. Samstarfið hefur verið ánægjulegt, erum við þeim þakklát fyrir góða þjónustu og óskum við þeim velfarnaðar í framtíðinni.




MÁTUNARDAGAR

CRAFT ::**18. & 19. SEPTEMBER 2023****18. sept: 16:00 - 20:00 / 19. sept: 12:00 - 15:30****í Félagsheimilinu Heklu**

**Allar deildir Sindra geta mátað og pantað
keppnis- og æfingafatnað CRAFT.**

Ath. að ekki verður hægt að panta keppnisbúning fyrir körfubolta.

KEPPNISBÚNINGAR - HLÝRABOLIR - BOLIR - PEYSUR - STUTTBUXUR - BUXUR - ÚLPUR - REGNJAKKAR - SOKKAR - TÖSKUR - HÚFUR -
STUÐNINGSMANNABOLIR OG PEYSUR OG MARGT FLEIRA!

CRAFT ::

MEISTARAFLOKKAR SINDRA Í SUMAR

Það er komið að lokum keppnistímabils hjá meistaraflokkum Sindra í knattspyrnu. Tímabilið hefur verið krefjandi hjá báðum flokkunum. Í byrjun sumars tók ný stjórn við keflinu hjá knattspyrnudeildinni eftir að fyrri stjórn hætti. Sett var á laggirnar bráðabirgðastjórn sem hefur lagt sig fram við að klára tímabilið. Fjárhagur félagsins hefur verið þungur og hefur verið lögð áhersla á að afla tekna og draga úr kostnaði. Ekki var til fjármagn til að fá erlenda leikmenn sem hefur haft áhrif á gengi liðanna, ýmsir leikmenn hafa tekið skóna niður af hillunni til að létta undir álagi, þó ekki Gunnar Ingi. Ýmislegt hefur verið gert til að afla tekna s.s. verið í töskuburði á Hótel Höfn, unnið við landanir, safna dósum, selja klósettpappír, halda ball á Húmarhátíð, grilla hamborgara, safna auglýsingastyrkjum frá fyrirtækjum svo eitthvað sé nefnt. Það hefur gengið vel að greiða niður skuldir en rekstur deildarinnar verður erfiður áfram. Allt snýst þetta um velvild samfélagsins til íþróttar og dugnað sjálfbóðaliða. Helsta markmið stjórnarinnar er að koma fjármálum í réttan farveg og sníða sér stakk að vexti. Sú vinna hefur gengið vel og erum við fullviss allar öldur lægi um sinn og þá geti uppbygging hafist að nýju með gleði fótboltans að leiðarljósi.

Hjá meistaraflokki kvenna var ljóst í byrjun tímabils að hópurinn yrði fámennur og ungur. Uppistaðan í leikmanna hópnum eru leikmenn úr 3. flokki en helstu reynsluboltar liðsins fyrri ára gáfu ekki kost á sér þetta tímabil. Niðurstaða var einn sigur og eitt jafntefli, aðrir leikir hafa tapast. Það er ansi erfitt að halda uppi leikgleði þegar niðurstaða leikja er með þessum hætti. Mikið álag hefur einnig verið á leikmönnum þar sem þriðji flokkurinn hefur einnig verið að keppa á sínu Íslandsmóti. Þrátt fyrir erfiðan róður hafa þær sýnt þrautsegju og seiglu og kláruðu sumarið með aðdáunarverðum sóma, þær eiga risa hrós skilið fyrir það.



Meistaraflokkur karla missti nokkra lykilleikmenn eftir síðasta tímabil og var ljóst í næst síðasta leik að þeir eru fallnir niður um deild og spila því í 3. deild á næsta ári. Liðinu var spáð ofarlega í byrjun sumars af sérfræðingum en óraunhæft var að standast þær væntingar eins og raun ber vitni. Vegna mikils fjárhagsþunga deildarinnar var ekki hægt að styrkja liðið líkt og önnur lið í deildinni gerðu og niðurstaðan eftir því. Þrátt fyrir að falla aftur niður í 3.deildina getum við í bráðabirgðastjórninni ekki annað en verið bjartsýn á framhaldið. Margir ungir drengir stigu sín fyrstu skref í sumar og ljóst er að kjarni ungra drengja er að skila sér upp úr yngri flokka starfinu. Það er því ekkert annað í stöðunni en að halda áfram að styrkja og byggja upp starfið og láta sér hlakka til annars fótoltasumars því fótoltinn heldur alltaf áfram!

Áfram Sindri!

Bráðabirgðastjórn Sindra 2023





Allur ágóði miðasölu á leik Sindra og Hauka í síðustu viku fór til styrktarreiknings Einherja. Sem og ágóði leiks ÍH og Sindra fyrir sunnan sem ÍH lagði inn á reikninginn

Frá knattspyrnudeild Sindra voru 69.308kr millifærðar á Einherja.

Leikmaður meistaraflokks kvenna í Einherja lést í hörmulegu slysi og vildum við sýna samstöðu við erfiða tíma. Við þökkum ykkur kærlega fyrir að mæta og styrkja gott málefni.

Peningurinn sem safnast fer til fjölskyldu Violetu sem eiga sárt að binda eftir áfallið.

Við hvetjum ykkur ennþá til að leggja ykkar af mörkum, það er ekki of seint:

**Kennitala: 610678-0259
Reikningsnúmer: 0178-05-000594**





BLAGODARYA VESKO!

Í dag er síðasti leikur Veselin Chilingrov eða Vesko eins og hann er kallaður, sem þjálfari hjá Sindra.

Vesko kom til félagsins haustið 2019 og tók hann við þjálfun á meistaraflokki kvenna ásamt nokkrum yngri flokkum og það má með sanni segja að koma hans til okkar hafi breytt mjög miklu í starfi og uppbyggingu knattspyrnudeildarinnar.

Hann fór strax að byggja á því sem við höfðum og kenndi leikmönnum að hafa trú á sjálfum sér, að einblína á það sem við gerum vel og láta það njóta sín. Hann kenndi leikmönnum einnig að sýna jákvæða hegðun og framkomu við andstæðinginn og það hefur verið að skila okkur háttvísiverðlaunum á mörgum mótum ásamt því að þegar dómamar hrósa liðum þá taka þeir Sindra oftast sem dæmi. Þá hafa leikmenn sem Vesko hefur komið að þjálfun á, hafa verið að komast í úrtakshópa hjá yngri landsliðunum og einnig hafa þeir verið að landa verðlaunum á Íslandsmótum sem og öðrum mótum eins og t.d. Rey-Cup. Hann hefur haldið einstaklega vel um stelpur 2008-2009 sem eru að skila sér upp í meistaraflokk sem sterkur og breiður hópur.





TAKK VESKO!

Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að halda úti liðum í keppni á svona litlum stað eins og Höfn og einhverja hluta vegna þá hefur verið sérstaklega erfitt að halda stelpunum okkar inni, en þrátt fyrir erfiðleika þá hefur Vesko ekki gefist upp heldur fundið lausnir og klárað sitt. Hann er með eindæmum jákvæður og lausnamiðaður.

Vesko er mjög vel tengdur í fótboltaheiminum og þegar leikmenn okkar hafa farið að heiman þá hefur hann ekki átt í vandræðum með að koma þeim á æfingar annarsstaðar, meira að segja í Slóvakíu! Einnig hefur hann góð tengsl við þjálfara á Íslandi og hann fylgist vel með leikmönnum okkar sem fara burt í skóla og sér til þess að þau komist á æfingar sem þeim hentar, fær fréttir af þeim í gegnum nýja þjálfara og virðist alltaf vera með puttann á púlsinum.

Eftir fjögur tímabil hjá okkur er komið að leiðarlokum, að minnsta kosti í bili og við kveðjum Vesko, þökkum honum fyrir frábært samstarf og óskum honum velfarnaðar á nýjum slóðum.

Við munum sakna þín Vesko og lofum að halda þínum góðu gildum á lofti og reyna að standa okkur sem þrúðasta liðið, hvort sem er innan vallar eða utan.

Takk Vesko fyrir þitt framlag til knattspyrnudeildar Sindra og þitt Sindra hjarta!





Landsbankinn





GOLFMÓT SINDRA 2023



Í SAMVINNU VIÐ KNATTSPYRNUDEILD
SINDRA LEIKUM VIÐ 9 HOLU HÖGGLEIK MEÐ
FORGJÖF MEÐ TEXAS FYRIRKOMULAGI
RAÐAÐ VERÐUR SAMAN Í LIÐ EN
KYLFIGAR GETA EINNIG VALIÐ SIG
SAMAN Í LIÐ.

HVETJUM SEM FLESTA TIL AÐ MÆTA
VANA OG ÓVANA GOLFARA!

23. SEPT
LAUGARDAGUR

KL 14:00
SILFURNESVÖLLUR

5000kr
Á MANN

MATUR Í BOÐI
EFTIR HRING

SKRÁNING Í GOLFBOXINU EÐA Í TÖLVUPÓSTI Á
MATTHILDUR77@GMAIL.COM



SÍÐASTI LEIKUR Á JÖKULFELLSVELLI SUMARIÐ 2023



Nú er þetta síðasti leikurinn á vellinum þetta tímabilið. Við þökkum ykkur fyrir að mæta á völlin í sumar og hvetja liðin okkar áfram, meistaraflokkana eða yngri flokka. Fótboltasumarið hefur verið erilsamt eins og venjulega en gefandi á sama tíma. Foreldrar og leikmenn hafa keyrt langar vegalengdir til að fara á mót og keppa leiki en skemmtilegast er að keppa á sínum velli, Jökulfellsvelli.

Kærar þakkir til sjálfboðaliða sumarsins og öllum þeim sem gerðu það kleift að sumarið gekk eins vel og það gekk.

Leikmenn, þjálfarar og Sindrafólk allt,
til hamingju með árangur sumarsins.

Þangað til næst!

Hafðu samband:



Knattspyrnudeild UMF. Sindra



@fotboltisindri



@fotboltisindri



knattspyrna@umfsindri.is



umfsindri.is